



Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri Vegagerðarinnar og Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra.



Sólmundur Sigurðarson, Bergþóra og Sigurður Ingi vígja veiginn á 64 ára gömlum Benz-180. Myndir: Dagskráin/HGL

Nýr hluti Suðurlandsvegar vígður

Margt var um manninn þegar nýr hluti Suðurlandsvegar var vígður síðastliðinn fimmtudag, við hátíðlega athöfn í úr-hellisskúr. Það stytta þó upp og sólin lét sjá sig í skamma stund á meðan Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri Vegagerðarinnar og Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra klipptu á borðann.

„Þetta er gríðarlega mikil samgöngubót og öryggi fyrir íbúa og alla sem fara hérna um. Svo er þetta bylting fyrir þá sem búa hérna í Ölfusinu og nærumhverfi að geta ferðast hér um á öruggan hátt. Fyrir þá sem eru að ferðast hérna í gegn þá er auðvitað frábært að losna við rúmlega tuttugu innkeyrslur inn

á veginn og að vera komin með svona breiðan og öruggan veg. Nú tekur við að klára að tengja sveitavegina og miðað við hraðann og dagnaðinn í verk-tökunum þá hef ég trú á því að það klárast fyrir en seinna,“ segir Sigurður Ingi í samtali við Dagskrána.

„Þetta er gleðidagur, við

erum himinlifandi að vera að klára þetta. Við erum að vinna í Suðurlandsveginum á fleiri stöðum, við erum að fara núna í Ölfusárbrúna og svo er verið að vinna í þeim áföngum sem eru nær Reykjavík. Suðurlandsvegurinn hefur verið og var sérstaklega í upphafi aldarinnar býsna hættulegur þannig að það er al-

veg geysilega gleðilegt að geta tekið svona skref,“ segir Bergþóra í samtali við Dagskrána.

Þau Bergþóra og Sigurður Ingi fengu svo far hjá Sólmundi Sigurðarsyni um nýja veginn í glæsilegum, 64 ára gömlum Benz-180 og fullkomnuðu þannig vígsluna.

HGL



Stórt kjúklingabú og litlir ungar til sýnis á Fjör í Flóa

Hefur handleikið hamarinn í 85 ár

Sigfús Kristinsson, staðar-smiður Selfoss fagnaði 91 árs afmæli sínu þann 27. maí með smiðum sínum í Fagrabæ. Lengi var hann stórtækastur byggingaverktaka hér, útskrifaði 31 smið og byggði 140 hús stór og smá. Sigfús hefur handleikið hamarinn í 85 ár.



Ljósmynd: Aldís Sigfúsdóttir.

Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keysrla@keysrla.is - www.keysrla.is - [f /keysrla.is](https://www.facebook.com/keysrla.is)



Útboð

Flóahreppur óskar eftir tilboðum í verkið Vatnsstofn frá Kjartansstöðum að Skeiðavegamótum 2023



Verkið felur í sér lagningu á PE180 lagnar frá Kjartansstöðum að Skeiðavegamótum, tenging við stofna í hvorum enda, greftri, þverun á Suðurlandsvegi. Útboðsgögn er hægt að fá rafrænt frá 6.júní 2023 með því að senda tölvupóst á borkur@vvh.is

Tilboð verða opnuð á skrifstofu Flóahrepps í Þingborg 801 Selfoss fimmtudaginn 29. júní. kl 11.



BJARG ÍBÚDAFÉLAG ÓSKAR EFTIR SAMSTARFSÆÐILUM TIL AÐ SJÁ UM BYGGINGU HAGKVÆMRA LEIGUÍBÚÐA Á HELLU

Verkið fellst í smíði 5 íbúða raðhúss á einni hæð.

Um er að ræða alverktöku þar sem verktaki tekur þátt í hönnunarferli og skilar fullbúnu húsi ásamt lóð á föstu verði. Bjarg leggur til lóð undir húsið

Áhugasamir verktakar sendi póst á throstur@bjargibudafelag.is til að fá nánari gögn og upplýsingar.

Bjarg íbúðafélag er sjálfseignarstofnun stofnuð af ASÍ og BSRB og er rekin án hagnaðarmarkmiða. Félaginu er ætlað að tryggja tekiulágum einstaklingum og fjölskyldum á vinnumarkaði aðgengi að öruggu íbúðarhúsnæði í langtímaleigu.

Miðbærinn rís með tign og glæsibrag

Ævintýri enn gerast, það var magnað að vera á Sviðinu á Selfossi þegar Leó Árnason og Sigtúnsmenn hinir nýju kynntu áform sín um stækkun miðbæjarins á Selfossi. Fjárfesting upp á fimmtán milljarða, mörg sögufræg hús sem eiga sér merka sögu í gömlum og fögrum byggingastíl víða að lifna við. Hús sem hafa brunnið eða verið rifin. Nú stækkar þessi glæsilegi miðbær okkar á næstu árum úr fimm þúsund fermetrum í þrjátíu þúsund fermetra og fær á sig enn stórbrotnari mynd og iðandi atvinnulíf á mörgum sviðum í þjónustu og menningu. Árborg þarf ekki að kvíða framtíðinni þótt innviðaupbygging síðustu ára hafi verið bæjarfélaginu þung. Ég segi gjarnan við Fjólu Kristinsdóttur bæjarstjórn okkar, við sigrum þann vanda á fimm árum ekkert síður en Reykjanæsbær gerði í miklu verri stöðu. Árborg er eins og ung hjón sem hafa ofreist sig og skulda of mikið eftir fjárfestingu lífsins. Framtíðin er björt og mikilvægt að öll bæjarstjórnin skuli sameina krafta sína og vinna sem einn maður að lausnum.

Fallegasti miðbær Íslands að rísa

Ég hitti marga gesti miðbæjarins og þeir halda vart vatni af hrifningu og spyrja gjarnan hvornig datt ykkur þetta í hug, hvornig varð þessi hugmynd að veruleika? Margir segja þessi miðbær er einstakur og þó er bara sýnishornið komið. Sumir heimsmenn segja þetta framtak vekja athygli um allan heim. Nú kemur gamla Selfossbíó aftur sem var okkar menningarhús í



Guðni Ágústsson.

Ljósmynd: Þorsteinn Haraldsson.

áratugi og hótél sem fylla bæinn af fólki árið um kring. Miðbærinn og Bæjargarðurinn trúlofast sem gefur okkur öllum glæsilegt útivistar og hátíðasvæði með nýjum brag. Við sjáum líka að athafnamenn fjárfesta heima. Árborg er ekki lengur bærinn með pulsvagn og sundlaug, hér er stoppistöð og staður sem kallar ekki bara á ferðamenn komdu heldur alla þjóðina aftur og aftur.

Flesta daga eru þeir Valdimar Bragason eða Magnús Magnússon með hópa sem vilja fræðast um miðbæinn og söguna. Ég og Magnús Hlynur Hreiðarsson tökum einnig oft á móti hópum. Saga Selfoss er á þessum bletti, við hið gamla endurreista Sigtúnshús stendur Jarlinn sjálfur Egill Thorarensen og þaðan er gott að segja söguna með Ölfusárbrú og Tryggvaskála og Sefossbæinn skammt undan. Mjólkurbú Flóamanna, hið endurreista, er nú húsið sem allir þekkja og fagna. Með Flóaáveit-

unni hófst hin nýja saga þessa bæjar.

Hafið heila þökk Guðjón Arngrímsson og Leó Árnason sem ég nefni gjarnan ljón suðursins en Leó afi hans var ljón norðursins briliant og einstakur í minni okkar sem eldri erum. Full ástæða er að nefna hér nafn hins norðlenska athafnamanns Kristján Vilhelmssonar og þakka honum það afl og þunga sem þarf til að svona ævintýri gerist. Það er mikilvægt þegar atorkusamir brautryðjendur kjósa að fjárfesta hér á Árborgarsvæðinu. Árborg er nú höfuðborg nýsköpunar á Íslandi, eins og Selfoss varð undir handleiðslu Egils Thorarensen, Guðmundar Á Bööðvarssonar og Grétars Símonarsonar um og eftir „blessað stríðið“.

Til hamingju Árnesþing því framtakið slær birtu yfir heilt hérað.

Guðni Ágústsson

Ölfus gerist Heilsueflandi samfélag

Sveitarfélagið Ölfus varð formlega aðili að Heilsueflandi samfélagi (HSAM) þann 24. maí síðastliðinn þegar Sandra Dís Hafþórsdóttir staðgengill bæjarstjóra og Alma D. Möller landlæknir undirrituðu samning þess efnis í ráðhúsi Ölfuss í Þorlákshöfn. Viðstaddir voru íbúar á ýmsum aldri þar með talið aðilar úr bæjarstjórn, starfsfólk og fulltrúar í HSAM stýrihópi Ölfuss. Nemendur í 5.-7. bekk grunnskóla Þorlákshafnar sýndu frumsaminn dans við lag Júlí Heiðars tónlistarmanns og leikara úr Þorlákshöfn sem unninn var í umsjá Önnu Berlindar Júlíadóttur danskennara. Fulltrúar frá skólum bæjarins, íþróttafélags, heilsgæslu og eldri borgara eiga sæti í HSAM stýrihópnum auk þess sem aðrir hagaðilar verða kallaðir að starfinu eftir þörfum. Jóhanna M. Hjartardóttir sviðsstjóri fjölskyldu- og fræðslusviðs og Ragnar M. Sigurðsson íþrótt- og tómstundafulltrúi fara fyrir hópnum og eru HSAM tengiliðir Ölfuss.

Meginmarkmið Heilsueflandi samfélags er að styðja samfélög í að vinna með markvissum hætti að því að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lifnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa. Í slíku samfélagi er heilsa og líðan íbúa í fyrirrúmi í stefnumótun og aðgerðum á öllum sviðum. Starf Heilsueflandi leik-, grunn- og framhaldsskóla, Heilsueflandi vinnustaða og heilsuefning

eldri borgara er mikilvægur liður í starfi Heilsueflandi samfélags. Með innleiðingu Heilsueflandi samfélags vinna sveitarfélög meðal annars að innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Sveitarfélagið Ölfus er 41. sveitarfélagið sem gerist Heilsueflandi samfélag og búa nú um 96% landsmanna í slíku samfélagi.



Mynd: Sveitarfélagið Ölfus

Stofn

**Páll elskar
endurgreiðslur.**

**Þess vegna er
hann hjá Sjóvá.**

Á hverju ári fá þúsundir tjónlausra viðskiptavina Sjóvá
Stofnendurgreiðslu. Þannig hefur það verið í rúm 25 ár.

Sjóvá | Austurvegi 38 | 440 2000 | sudurland@sjova.is

SJÓVÁ



GTS ehf hefur fengið afhenta fyrstu rafmagns lúxsrútna sem kemur til Íslands. Um er að ræða 49+1 farþega hóperðabíl sem er 422 kw. Drægni er 350-400 km á hverri hleðslu. Áætlaður akstur á ári er 60.000 til 100.000 km og því er um talsverðan sparnað að ræða í CO₂. Þessi rúta er eingöngu með rafmagns hita (og/eða kælingu) þannig að hér er um verulega spennandi umhverfissvænan valkost að ræða. Farþegasæti eru öll með hallanlegum böfum, hliðarfærslu, fótskemlum, sætisborðum, USB tengjum fyrir alla farþega auk salerniðstöðu.

A photograph of four people standing in front of a teal-colored bus. From left to right: a man in a dark blue polo shirt and dark trousers, a woman in a black top and dark trousers, a man in a black leather jacket and dark trousers, and a man in a dark jacket and dark trousers. The bus has a teal body with a white stripe and a white wheel. The background is a plain, light-colored wall.

**1440 kW hleðslustöð á Selfoss
fyrir allt að 30 faratæki
sem verður öllum opin**

hleðslustöðinni sem er ætlað að verði tilbúin síðar á árinu. Þar verður hægt að hlaða allt að 30 bíla, stóra sem smáa og verður stöðin öllum opin. Hleðslutenglar verða 90 kw, 180 kw, 300 kw og 600 kw. Þetta verður öflugasta hleðslustöð landsins til þessa með hraðari hleðslu en þær sem fyrir eru. Hleðslustöð þessi er hönnuð af starfsmönnum YES-EU AS í Noregi og á Íslandi og sérstaklega hugsuð sem blandaða notkun á köldum svæðum. Hægt er að forgangsraða hleðslum og stýra raforkunni með hugbúnaði til að nýta orkuna sem best.

3B - 10B = 90KW
Double Gun CCS2

1B = 600KW
2B = 4B = 300KW
Single Gun CCS2

1440 KW
18 times can be
fully smart charging
1A - 6A = more 3000 KW
1B - 10B = more 300 KW

1A = 6A = 300 KW
1 CBT + 1 CCS2

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SJÓÐLAUNNA

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyravegji 25, 800
Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir,
sími 856 0673, helga@dfs.is.
Bladmáður: Björgvin Rúnar Valentínsson,
sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglýsingar@
dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag
360 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir
hádeggi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur
austan Hattisheiddar. Dagskráin
er aðili að samtökum bæjar-
og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

SVANSMARK
Prentgripur
104 0858

Gáta vikunnar

Visnagátur-höf:
 Páll Jónsson
 Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Þínu frægur pistlasmiður,
 þjakkar hann í jörðu niður.
 Mínus einn er mikið dýpi
 og mínus einn er fiskiskrípi.

Svar við gátu í blaði 2702: **SEIÐI OG SEYÐI**
 1. **Seiði** er nýklakinn fiskur - 2. Súpa **seyðið** af,
 taka afleiðingunum. 3 - Skít**seiði** - 4. **Seyðisfjörður**



Sunnlenski

matgæðingurinn



Heiðar Pétur Halldórsson er sunnlenski matgæðingurinn að þessu sinni.

Ég vil þakka Ingvari fyrir tilnefninguna og þessa góðu áskorun. Við deilum einmitt áhuga á góðum kjúklingaréttum og fékk ég þá þessa ljómandi hugmynd að stinga upp á mínum kjúklingarétti sem er þó frekar frábrugðinn hans. En ekki meira um það, vindum okkur í þetta!

Þessi réttur sem ég býð upp á er einfaldur í undirbúning og mjög góður. Ég kys að kalla hann Sriracha Karrý-Kjúkling einfaldlega því að sriracha og karrýið er undirstaðan og gefur réttinum þetta gómsæta bragð.

Sriracha Karrý-Kjúklingur

- 3 úrbeinuð kjúklingalæri
- 1 poki hrísgrjón
- 1 ferskur chilli (smátt skorinn)
- 3-4 sveppir
- 1 sæt paprika
- ½ rauðlaukur (smátt skorinn)
- 1 vorlaukur (smátt skorinn)
- 2 lúkur af brokkoli (skorið í bita)
- 2 msk. smjör (má vera smjörvi/ létt og laggott)
- 1-2 mozarella kúlur
- 5 kirsuberjatómatar (skorið í báta)
- 2 msk. karrý
- 1 msk. túrmerik
- 1 msk. roasted garlic and pepper kryddið
- 2 msk. olía
- Srirachi (dass af þinni löngun)
- Létt majónesi (dass en ekki of mikið)
- 50 g rifinn ostur

Skerið kjúklinginn í litla bita og kryddið með roasted garlic and pepper.



Skerið niður allt grænmetið og blandað saman í skál.

Setjið hrísgrjónapoka í pott og bíðið eftir suðunni og lækkið hitann og leyfið að malla.

Hitið pönnuna með olíunni á og setjið kjúklingabitanna út á pönnuna og steikið. Bætið síðan grænmetinu út á pönnuna og bætið smá olíu við og steikið þar til kjúklingurinn og grænmetið er farið að brúnast.

Bætið hrísgrjónunum út á pönnuna og setjið 2 msk smjör, leyfið að bráðna örlítið. Kryddið síðan með karrý og túrmerik. Hrærið saman við kjúklinginn og grænmetið á pönnunni þar til allt er orðið fulleldað.

Setið réttinn í skálar, toppið með því að rífa mozarella kúlurnar yfir og rifinn ost. Hellið síðan léttu majónesi og sriracha sósu yfir. Í lokin bætið svo við ferskum kirsuberjatómötum.

Tilvalið er að bera réttinn fram með naan brauði eða hvítlauksbrauði.

Njótið vel!

Ég vil skora á miðvörðinn og stórvin minn, Baldvin Hólm Júlíusson. Hann skrifar reglulega gestapistla inn á hópinn „Air fryer – uppskriftir og hugmyndir“ á Facebook og er maðurinn sem þjónar fá ráðleggjinar hjá um hvernig elda skal nautakjöt. Þessi áskorun ætti því að vera leikur einn fyrir hann.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Vordagur í Kotstrandarkirkjugarði

Kirkjugarðsnefnd Kotstrandarkirkjugarðs efir til hreinsunardags í garðinum laugardaginn 3. júní nk. kl. 10-14. Þá er tilvalið að nýta daginn til þess að hreinsa til og snyrta við leiði ástvina eða taka til hendinni við snyrtingu garðsins í góðum hópi fólks.





HÚSASMÍÐJU HÁTÍÐ

Miðvikudag til laugardags á **Selfossi**

25% afsláttur

Garðverkfæri (Gildir ekki af Ikra) **25%** • Sláttuvélar og orf **25%** • Mosatætarar og hekkklippur **25%**
 Rafmagnsverkfæri (Black+Decker, Worx) **25%** • Háprýstidælur (Nilfisk) **25%** • Stigar og tröppur (Elkjop) **25%**
 Allar vörur í Blómaaval **25%** • Sumarblóm, garðplöntur og trjáplöntur **25%**
 Blómapottar **25%** • Vasar og gjafavara **25%** • Grill (Gildir ekki á Weber) **25%** • Innimálning **25%**
 Útimálning **25%** • Pallaolía og viðarvörn **25%** • Garðhúsgögn **25%** • Smáraftæki **25%**
 Reiðhjól og fylgihlutir **25%** • Rafmagnsreiðhjól og fylgihlutir **25%** • Búsáhöld **25%**
 Vinnuhanskar **25%** • Pottar og pönnur **25%** • Diskar og glös **25%** • Ruslapokar **25%**
 Flísar **25-40%** • Parket **25-40%** • Blöndunartæki eldhús og bað (Grohe og Damixa) **25%**
 Vaska, handlaugar og salerni **25%** • Uppblásnir rafmagnspottar **25%** ... og margt fleira



**Grillum pylsur
á Selfossi**

á laugardag kl. 12-14

Kristinn Ólafsson nýr framkvæmdastjóri Sólheima

Kristinn Ólafsson hefur verið ráðinn í stöðu framkvæmdastjóra Sólheima ses. frá og með 1. júní nk. til 5 ára. Kristinn, sem starfað hefur sem rekstrarstjóri á Sólheimum frá því í janúar á þessu ári, er viðskiptafræðingur að mennt. Hann lauk BBA prófi í viðskiptafræði af upplýsingatæknisviði frá Andrews University, Michigan í Bandaríkjunum og MSc námi í stjórnun og stefnumótun frá Háskóla Íslands. Hann hefur langa reynslu af rekstri, framkvæmda- og fjármálastjórnun, bæði í eign fyrirtækjum og hjá öðrum. Hann tekur við starfinu



af Kristínu B. Albertsdóttur sem gegnt hefur stöðu framkvæmdastjóra sl. 5 ár en hún ákvað að framlengja ekki ráðningarsamning sinn og lætur af störfum frá sama tíma.



Eydís Rós og Ingvar Guðni

Mynd: HGL

Stórt kjúklingabú og litlir ungar til sýnis á Fjör í Flóa

Hjónin Eydís Rós Eyglóardóttir og Ingvar Guðni Ingimundarson eru kjúklingabændur á Vatnsenda í Flóahreppi. Þar búa þau ásamt þremur börnum sínum, fjölda kjúklinga og labrador blendingnum Kubbi. Eydís, viðurkenndur bókari og viðskiptafræðingur og Ingvar, sem er vélsmiður að mennt, tóku við búinu af foreldrum Ingvars, þeim Ingimundi Bergmann Garðarsyni og Þórunni Kristjánsdóttur árið 2015. Ingimundur og Þórunn hófu kjúklingarækt að Vatnsenda árið 1978 svo búið hefur nú verið farsælega starfrækt í 45 ár, af sömu fjölskyldunni, undir nafninu Kjúklingabúið Vor.

Fyrir 2 árum síðan, í miðjum heimsfaraldri, tóku þau Eydís og Ingvar tvö 900 fm eldihús í notkun og þrefölduðu þar með framleiðslugetu búsin en þar eru allt að 40.000 fuglar í fimm eldishólum. Þau ætla að opna annað nýja húsið fyrir gestum á milli klukkan 13 og 17 þann 3. júní næstkomandi, þegar menningar- og fjölskylduhátíðin Fjör í Flóa fer fram í Flóahreppi. Blaðamaður Dagskrárinnar kíkti í heimsókn á þetta stórglæsilega kjúklingabú og fékk aðeins að fræðast um starfsemi og hátíðahöldin sem framundan eru.

Engin leynd yfir búskapnum

„Við fengum aldrei tækifæri til þess að vera með opnunarpartý eftir uppbyggingu nýju húsanna svo okkur þykir kjörið að skella þessu öllu saman núna í Fjör í Flóa. Tengja okkar rekstur þannig inn í hreppinn og vekja athygli á okkur og okkar búgrein. Það vill svo vel til að annað húsið verður tómt á þessum degi, og við getum boðið

fólki inn í stóra salinn, þá getur það séð, kynnt sér og fræðst um búnaðinn í húsunum og almennt fengið smá innsýn í búskap með kjúklinga. Við höfum verið svolítið í því að fræða og kynna okkar búskap. Það hefur loðað svolítið við kjúklinga- og annan alifuglabúsakap að það sé einhver leynd yfir honum og hvað fari fram í eldishúsum. Það kemur að öllum líkindum til vegna sóttvarna, sem koma í veg fyrir að hægt sé að „valsa“ frjálst um í búi líkt og okkar. Manneskja sem fer inni eldissal þarf að búa sig upp á ákveðin hátt, spes galli, stígvél, hárnét, gríma, handþvottur og sótthreinsun með spritti án undantekninga. Vegna þess að annað húsið verður tómt þá býðst tækifæri til að gefa fólki innsýn í búskapinn okkar. Í hinu húsinu verða fuglar sem verða orðnir dálítið stálpaðir og hægt að kíkja á gluggann í forstofunni og sjá húsið þegar eldi er í gangi“ segja Eydís og Ingvar í samtali við Dagskrána.

Fræðsla og skemmtun í bland

„Við erum búin að fá okkar stærstu samstarfsaðila, sem

komu að byggingu húsanna, til að vera með okkur á opna húsinu. Það eru Reykjagarður Holta, sem kaupir kjöt af okkur, Lífland sem selur okkur fóður og allan búnað í húsin og BM Vallá sem sá um steypu og uppsetningu. Við ætlum að bjóða upp á léttar kjúklingatengdar veitingar, drykki og auðvitað eitthvað fyrir börnin. Við sjáum fyrir okkur að þetta verði í bland fræðsla fyrir fullorðna og skemmtun fyrir börnin, en við verðum með litla unga til sýnis í húsinu,“ bætir Eydís við.

Búin að panta sól og sumar

„Vegna sóttvarna fer ekki hver sem er inn á búin og við vitum að fáfræði býr til fordóma. Við höfum verið öfeimin við að sýna okkar búskap, fólk má koma og það má sjá, án þess að stofna okkar búi í hættu gagnvart sýkingum, og það hefur bara gengið ofsalega vel, við höfum tvisvar verið með opið hús áður, en í þau skipti var ekki hægt að bjóða inni eldissalinn heldur eingöngu að kíkja á glugga í forstofunni. Þetta er eiginlega alveg sérstakt að það hittist þannig á að það sé tómt hús á þessum degi. Framleiðsluáætlunin sem er gerð frekar langt fram í tímann raðast þannig núna að þetta passar akkúrat. Við erum búin að leggja inn pöntun á sól og sumar og ætlum að gera þetta með stæl,“ segir Eydís að lokum.

HGL



VARAHLUTIR OG BÍLAVÖRUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI



Skoðaðu vöruúrvalið á www.bilanaust.is

Bilanaust Hrísmýri 7,
800 Selfossi
S. 484 4200

Opið
Mán - fös 8 - 18
Lau 10 - 14



Skólaslit í grunnskólum Árborgar vorið 2023



Skólaslit í grunnskólum Árborgar fara fram 7. júní nk. sem hér segir:

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri

1.-6. bekkur	kl. 9
7.-9. bekkur	kl. 11
Útskrift 10. bekkjar	kl. 14

Stekkjaskóli

1.-5. bekkur	kl. 9
--------------	-------

Sunnulækjarskóli

1.-5. bekkur	kl. 9
6.-9. bekkur	kl. 11
Útskrift 10. bekkjar	kl. 15

Vallaskóli

1.-5. bekkur	kl. 9
6.-9. bekkur	kl. 11
Útskrift 10. bekkjar	kl. 18



HÚÐVÖRUDAGAR Í LYFJU

25%

25% AFSLÁTTUR

af húð- og snyrtivörum
31. maí - 4. júní

Húðin gegnir mikilvægum sérhæfðum hlutverkum,
hún ver okkur. heldur á okkur réttu hitastigi og
skynjar umhverfið okkar.

Hugsum vel um húðina.

Skógræktarfélag Íslands og Nettó tryggja aðgengi að skógum landsins

Nettó og Skógræktarfélag Íslands skrifuðu á dögunum undir samstarfssamning um verkefnið Opinn skógur. Markmiðið með samstarfinu er að bæta aðstöðu og auka aðgengi á opnum skógræktarsvæðum í alfaraleið og miðla fræðslu um lífríki, náttúru og sögu svo almenningur geti nýtt sér skógana til áningar, útivistar og heilsu-bótar. Með samningnum er rekstur verkefnisins tryggður út næsta ár auk þess sem unnið verður að kynningu á því.

Opnir skógar eru nú sautján talsins, öllum opnir og staðsettir víðs vegar um landið. Á Suðurlandi eru þeirra á meðal Snæfoksstaðir í Grímsnesi, Ásahreppi og Völvuskógur á Skógum undir Eyja-fjöllum. Skógarnir eru allir með góða útivistaraðstöðu og verður unnið áfram að þróun og bættu aðgengi þannig að sem flestir landsmenn geti notið þeirra miklu gæða sem felast í skógunum.

„Þessi samningur skiptir okk-

ur miklu máli og tryggir rekstur Opinna skóga fram á næsta ár,“ segir Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands. „Nú munum við kynna verkefnið enn frekar og hvetja landsmenn til að sækja í skógana enda er þar að finna frábæra aðstöðu til samveru og útivistar enda er þekkt að skógarvist bætir heilsu og hamingju fólks.“

„Þetta verkefni fellur vel að umhverfisstefnu okkar hjá Nettó en við erum alltaf með það markmið að lágmarka umhverfisáhrifin af starfsemi eins og hægt er. Skógræktarfélagið er mikilvæg stoð í náttúru- og umhverfisvernd hér á landi og erum við því gríðarlega ánægð með þetta samstarf,“ segir Helga Dís Jakobsdóttir, markaðsstjóri Nettó. „Við hvetjum alla sem eru að ferðast um landið að stoppa við í Nettó skógunum út um allt land, taka sér göngu eða nestispáðu og njóta náttúrufegurðarinnar á ferðinni um landið.“



Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands og Helga Dís Jakobsdóttir, markaðsstjóri Nettó undirrita samstarfssamninginn.

Aðalfundur Kaupfélags Árnesinga

verður haldinn í Oddfellowsalnum Vallholti 19, á Selfossi miðvikudaginn 7. júní 2023 og hefst kl 14:00

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf samkv. samþykktum félagsins.

Breytingar á samþykktum félagsins.

Stjórn Kaupfélags Árnesinga



Verahvergi, ný básaleiga í Hveragerði

Þann 12. maí sl. opnaði Stella Christensen, hársnyrtir og saumakona, nýja básaleigu að Austurmörk 1 í Hveragerði, þar sem fólki gefst færi á að gefa notuðum fötum og aukahlutum framhaldslíf hjá nýjum eigendum með því að selja hlutina í þar til gerðum básum. Bláðamaður Dagskrárinnar kíkti við í Verahvergi og náði tali af hinni fjörgu Stellu.

Vildi gera þetta eftir sínu höfði

Hvergerðingar hafa tekið mjög vel í Verahvergi og nú, tveimur vikum eftir opnun, eru næstum allir básarnir nýttir. „Ég hef þurft að hjálpa mörgum að setja upp, verðmerkja, taka myndir og útskýra því fólk hefur ekki verið í básaleigu áður, en mér finnst það bara geggjáð. Það tekur auðvitað tíma fyrir fólk að læra inná hvernig þetta gengur fyrir sig. Eldra fólk á oft fulla skápa af fötum sem þau eru hætt að nota og ég get hjálpað þeim, ég vil gera þetta aðgengilegt fyrir alla og ég vil að öllum þyki gott og gaman að geta komið hingað, börnum og fullorðnum. Fólk er búið að eyða fullt af peningum í þessi föt og afhverju ekki að leyfa öðrum að njóta. Margir eiga ekki mikið á milli handanna og þá vil ég að þau geti samt komið inn í búð þar sem er eitthvað líf og gaman að versla, með skemmtilegri tónlist og keypt sér föt á góðu verði,“ segir Stella.

Allt endurnýtt

Stella segist hafa verið með



hugmyndina um Verahvergi í kollinum í mörg ár, en loksins er hún orðin að veruleika og það er skemmt frá því að segja að útkoman sé stórkostleg. „Við maðurinn minn, Janus Bjarnason, settum þetta upp saman. Við eigum húsnæðið svo það var engin pressa á okkur, en Janus er með verkstæði hinumegin í húsinu. Þegar ég sá Krílafló á sölu langaði mig að kaupa hana, en ég fann svo að ég vildi fá að gera þetta allt eftir mínu höfði. Mig langaði að það væri svona röff Kaupmannahafnar-fílingur yfir öllu og ég held það hafi tekist ágætlega. Allt hérna inni er endurnýtt, allt dótið í krakka-horninu og meira að segja Andrésblöðin í mátunarklefanum. Ljósín eru frá Rúv, bárujárnið er frá Kotstrandarkirkju, en við áttum megnið af þessu til úti í garði eða á verkstæðinu hjá Janusi. Hillurnar eru til dæmis úr pallinum mínum sem á eftir að klára. Við fengum eitthvað

gefins og keyptum annað í Góða hirðinum, ABC á Nýbílavegi og auðvitað í Nytjamarkaðnum á Selfossi, þau þekkja mig með nafni þar,“ segir Stella og hlær.

Hlutir sem fá hvergi að vera

Nafnið Verahvergi segir Stella að sé komið frá fimmtán ára syni hennar, Erni Tonna. „Hann býr hjá pabba sínum í Reykjavík en er hjá mér um helgar, hann nennir ekkert alltaf að koma og hefur gjarnan kvartað yfir því að þurfa að fara til Verahvergis og mér fannst það bara tilvalið, fyndið og skemmtilegt nafn. Ég hef hugsað um slagorðið: Verahvergi, átt þú hluti sem fá hvergi að vera? En mér finnst það aðeins of klisjukennt,“ segir Stella og hlær.

Verahvergi er opið alla daga vikunnar, virka daga frá 11-18 og um helgar frá 12-16.

HGL

Myndir: HGL



Eini drengjakór Íslands syngur í Skálholtskirkju

Dagana 2.- 6. júní næstkomandi verður alþjóðlega drengjakórahátíðin „The Boys are Singing“ haldin á Íslandi í fyrsta sinn. Á hátíðinni tekur Drengjakór Reykjavíkur á móti Sofia Boys Choir frá Búlgaríu sem er meðal virtustu drengjakóra Evrópu. Hér er á ferð einstakur viðburður í íslensku tónlistarlífi.

Kórarinn syngja saman á brennum tónleikum og verða þeir fyrstu í Skálholtsdómkirkju þann 3. júní kl 13:00. Á tónleikunum koma fram alls 50 söngvarar á aldrinum 8-20 ára sem flytja fjölbreytta efnisskrá þar sem íslensk og búlgörsk tónlist verður í fyrirrúmi. Tónleikarnir verða opnir öllum og frítt verður inn.

Drengjakór Reykjavíkur er eini drengjakór Íslands. Kórinn var stofnaður árið 1990 (upphaflega sem Drengjakór Laugarneskirkju) og fagnaði því 30 ára starfsafmæli árið 2020. Drengjakór Reykjavíkur hefur nú aðsetur í Neskirkju undir stjórn Þorsteins Freys Sigurðssonar sem hefur stjórnað kórnum síðan 2019. Drengjakór Reykjavíkur skipa um 20 drengir á aldrinum 8-15 ára sem syngja fjölbreytta tónlist af ýmsum toga, trúarlega og veraldlega, gamla og nýja. Fræðslu um tónlist er fléttað inn í kórstarfið þar sem sönggleðin er í fyrirrúmi. Drengjakór Reykjavíkur heldur árlega jóla- og vortónleika, kemur fram við ýmis tilefni og tekur þátt í fjölbreyttum verkefnum, nú síðast

Carmina Burana með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborgarsal Hörpu 1. júní.

Sofia Boys Choir er elsti drengjakór í Búlgaríu, stofnaður árið 1968. Stjórnandi kórsins til ársins 1989 var Liliana Todorova en það ár tók Prof. Dr. Adriana Blagoeva við stjórnartaumunum og hefur stjórnað kórnum síðan. Kórinn syngur mjög fjölbreytta tónlist allt frá 14. öld til okkar daga og heldur fjölda tónleika á hverju ári, þar á meðal árlega jóla- og páskatónleika sem sérstök hefð er fyrir. Kórinn hefur gefið út tólf geisladiska og einn mynddisk og hefur sungið inn á átta plötur með öðrum listamönnum. Undir stjórn Blagoeva

hefur Sofia Boys Choir auk þess unnið til fjölda verðlauna í alþjóðlegum kórakeppnum.

Sofia Boys Choir hefur ferðast víða og komið fram á tónleikum víða um lönd, þar á meðal í Japan. Hann kemur nú í

fyrsta sinn fram á Íslandi í samstarfi við Drengjakór Reykjavíkur.

Hátíðin er styrkt af Íslandi, Noregi og Liechtenstein gegnum EEA Grants, Barnamenningar- sjóði og Tónlistarsjóði.





VIÐ BÆTUM VIÐ VÖRUÚRVALIÐ OKKAR!
GROOVÍS TRÚÐAÍS & CANDYFLOSS
WWW.GROOVIS.IS

**Tralli trúður mætir á svæðið sunnudaginn
4. Júní frá kl 15:00-17:00
og trallar með okkur í Groovís
Blöðrudýr í boði fyrir alla krakka**



BREYTTUR OPNUNARTÍMI FRÁ 1 JÚNÍ
12:00 - 23:00 ALLA DAGA



DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Nýjar fréttir á hverjum degi!



KARLAKÓRINN HEIMIR



VORTÓNLEIKAR

LANGHOLTSKIRKJA REYKJAVÍK, FÖSTUDAGINN 2. JÚNÍ KL. 20:30

FÉLAGSHEIMILIÐ FLÚÐUM, LAUGARDAGINN 3. JÚNÍ KL. 15:00

STJÓRNANDI: STEFÁN R. GÍSLASON PÍANÓLEIKARI: VALMAR VÁLJAOTS
EINSÖNGUR: SNORRI SNORRASON

MÍÐASALA VIÐ INNGANG, MÍÐAVERÐ 5.000 KR.



facebook.com/karlakorinnheimir

BASAR – BASAR – BASAR


3. júní kl. 13:00 -16:00



Skólavöllum 1, Selfossi



Verið hjartanlega velkomin á sumarbasar Stróks að Skólavöllum 1 á Selfossi laugardaginn 3. júní kl. 13:00-16:00. Til sölu verður afrakstur iðjunnar okkar í vetur. Á heimasíðu okkar www.strokur.is er uppboð á eldahúsi, vita og álfahúsum. Hvetjum við fyrirtæki eða sveitarfélög til að styrkja okkur með kaupum á þeim og styðja þar með við gott málefni.



Suðri á leiðinni á Heimsleika Special Olympics

Special Olympics samtökin svoru stofnuð af Kennedy fjölskyldunni í Bandaríkjunum árið 1968 og hafa meðlimir fjölskyldunnar verið við stjórnvölinn alla tíð. Markmið leikanna í upphafi var að bjóða upp á íþróttatilboð fyrir fólk með þroskahömlun en undanfarin ár hafa viðmið rýmkast. Eitt af markmiðum samtakanna er að efla samspil fatlaðra og ófatlaðra (unified sport) í æfingum og keppni. Með því hafa tækifæri skapast fyrir enn stærri hóp iðkenda gegnum Special Olympics samtökin. Lykilatriði á þessum leikum er að jafningjar takist á og að allir eigi sömu möguleika á að vinna til verðlauna. Einstaklingar fá tækifæri til að sýna styrkleika og njóta sín á eigin verðleikum.

Ástæða er til að vekja athygli á sýn og gildi Special Olympics samtakanna. Tilgangur þeirra er að nota íþróttastarf til að byggja upp sterka og sjálfstæða einstaklinga á vettvangi þar sem allir fá sömu tækifæri til að láta ljós sitt skína. Þetta er allt annað en hið hefðbundna keppnisumhverfi þar sem aðeins þau bestu fá verðlaun.

17. – 25. júní fara Heimsleikar Special Olympics fram í Berlín. Keppendur eru um 7000 og keppt er í 29 íþróttagreinum. Á Special Olympics leikum er mikið lagt upp úr félagslegum tengslum og meðal annars fara allir keppendur í vinabæjaheimsóknir viku fyrir leikana.

Vinabær Íslands að þessu sinni er Kempen. Special Olympics leikar eru ólíkir Paralympics (ólympíumóti fatlaðra) að því leyti að allir eiga möguleika á að taka þátt. Við val á keppendum er ekki miðað við besta árangur heldur lagt mat á framfarir, frammistöðu, mætingu og félagslega hegðun. Því eiga allir kost á að vera valdir sem leggja sig fram á æfingum.

Á Íslandi fer val á keppendum þannig fram að félög tilnefna einstaklinga í ákveðna keppnisgrein og tölva velur af handahófi þá heppnu. 30 íslenskir keppendur taka þátt í leikunum í Berlín í 10 íþróttagreinum.

Frá íþróttafélaginu Suðra fara fimm keppendur og tveir þjálfarar. Keppendur eru: Birgir Örn Viðarsson boccia, Telma Þöll Þorbjörnsdóttir golf, María Sigurjónsdóttir og Sigurjón Ægir Ólafsson lyftingar, Katla Sif Ægisdóttir sund. Þjálfarar eru: Ófeigur Ágúst Leifsson boccia og Örvar Arnarson lyftingar.

Þeir sem hafa tekið þátt í Special Olympics leikum eru sammála um að helsti ávinningurinn sé stórauðkið sjálfstraust og ný vinatengsl. Þessi hressi hópur frá Íþróttafélaginu Suðra mun án efa koma heim með slíkan ávinning í farteskinu.

Nánari upplýsingar um leikana er hægt að fá á www.hvat-isport.is.

Þorbjörg Vilhjálmsdóttir



Efri röð frá vinstri: Örvar, Katla Sif, María, Telma Þöll og Ófeigur. Neðri röð frá vinstri: Sigurjón Ægir og Birgir Örn.
Mynd: Aðsend.

Tveir bílar í vandræðum við Köldukvísl

Á Hvítasunnudag var Flugbjörgunarsveitin á Hellu boðuð út vegna bíla sem voru fastir í nágrenni Þórisvatns.

Farið var á 2 bílum og þegar að var komið kom í ljós að einn bíll var fastur í Köldukvísl á vaði. Bíllinn var dreginn á þurrt, og ákvað ökumaður í kjölfarið að snúa við.

Annar jeppi var fastur í aur þar skammt frá, og var sá bíll einnig dreginn upp. Þriðji bíllinn var í vandræðum á svæðinu, og þegar hann var orðinn laus, hélt björgunarsveitarfólk til byggða.



Stoðkerfismóttaka fyrir ófrískar konur



Kristín Júlía Hannesdóttir
sjúkraþjálfari á Heilbrigðisstofnun Suðurlands

boðinn tími hjá sjúkraþjálfara á stoðkerfismóttöku sem hluti af mæðravernd. Í mæðravernd skima ljósmæður fyrir áhættuþáttum stoðkerfisverkja í byrjun meðgöngu og bjóða tíma á stoðkerfismóttöku ef þess er þörf. Ef konu finnst ekki ástæða til að hitta sjúkraþjálfara í byrjun meðgöngu er hægt að óska eftir því þegar líður á meðgöngu. Þjón-

ustan er í boði fyrir ófrískar konur í öllu umdæmi HSU. Markmið þessarar þjónustu er forvörn. Fræðsla er forvörn og það er mikilvægt að eiga spjallið til dæmis varðandi breytingar á líkama, líkamsbeitingu, hjálpar-tækjum, hreyfingu, fyrri sögu um verki og/eða áhyggjur. Á stoðkerfismóttökunni eru gerðar skoðanir og próf til að reyna að finna orsök verkjanna og gefa

viðeigandi ráð. Mikilvægt er að skima strax í upphafi meðgöngu svo hægt sé að veita meðferð eða ráðgjöf strax. Verkir á meðgöngu geta verið erfiðir og hamlandi fyrir konur bæði andlega og líkamlega. Verkir geta einnig leitt til þess að konur þurfi að hætta fyrir á vinnumarkaði og fara í snemmbúið veikindaleyfi en verkir geta einnig leitt til verri upplifunar á meðgöngunni.

Ef sjúkraþjálfari metur svo að konan þurfi meiri stuðning en hægt sé að veita á stoðkerfismóttöku er skrifuð tilvísun svo konan geti leitað sér frekari aðstoðar sjúkraþjálfara. Þessi þjónusta er liður í aukinni aðstoð við ófrískar konur og við fögnum þessari frábæru nýjung hjá HSU.



AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Samkvæmt 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur eftirfarandi aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsing vegna nýs deiliskipulags:

- Ás - Hrunalaug; Deiliskipulag - 2303064**
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. maí 2023 að kynna skipulagslýsingu vegna deiliskipulags sem tekur til Hrunalaugar í landi Áss L166710. Meginmarkmið fyrirhugaðrar deiliskipulagstillögu er að tryggja að svæðið geti með öruggum hætti tekið á móti þeim fjölda gesta sem leggja leið sína um svæðið, án þess að minjar og náttúra þess verði fyrir skemmdum vegna ágangs. Skipulagið tryggir aðstöðu fyrir staðarhaldara til að taka á móti gestum og sinna eftirliti og umsjón svæðisins. Markmið deiliskipulagsins er m.a. að byggja upp lítið þjónustuhús til að þjónusta móttöku gesta við Hrunalaug.
- Brjánsstaðir lóð 4 L213014; Hádegishóll; Þjónustuhús auk þyrpingu gistihúsa, aðalskipulagsbreyting - 2301064**
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. maí að kynna skipulagstillögu sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps í landi Brjánsstaða lóðar 4 L213014 (Hádegishóll). Með breytingunni verður skilgreint 1 ha verslunar- og þjónustusvæði með heimild fyrir fasta búsetu, gestahús fyrir allt að 50 gesti og þjónustuhús. Markmið með breytingunni er að efla atvinnustarfsemi og bæta þjónustu við íbúa og gesti.
- Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps; Skilmálabreyting; Aðalskipulagsbreyting - 2305083**
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. febrúar 2023 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Í breytingunni fellst að heimild fyrir gistingu í flokki II verður felld út innan íbúðarbyggðar. Heimild fyrir gistingu í flokki II í frístundabyggð er heimil ef lóðarhafar eru því samþykkir og gert er ráð fyrir sölu gistingar í deiliskipulagi fyrir frístundabyggðina. Gera þarf endurbætur á tengingu Þjórsárdalsveggar við Skeiða- og Hrunamannaveg vegna mikillar umferðar og vegna þess hve umferð kemur til með að aukast með tilkomu hótels og ferðaþjónustu í Þjórsárdal. Einnig er fyrirhuguð bygging á Hvammsvirkjun með nýrri veltengingu yfir Þjórsá. Þær breytingar munu skapa forsendur fyrir uppbyggingu atvinnu á svæðinu og umferð um Þjórsárdalsveg verður enn meiri

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga aðalskipulagsbreytingar eftirfarandi skipulagsáætlan:

- Hnaus 2; Mosató 3 L225133; Stækkun hótels; Aðalskipulagsbreyting - 2207020**
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 26. apríl 2023 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til verslunar- og þjónustusvæðisins Hnaus Vp11 þar sem í gildi er deiliskipulag frá 16. ágúst 2016 fyrir Hótel á Mosató 3 (L225133). Með breytingu á aðalskipulagi er gert ráð fyrir auknu umfangi hótelsins. Heimilt verður að byggja við núverandi hótel og fjölga herbergjum úr 20 í 27. Heildarbyggingarmagn svæðis verður allt að 3.000 m². Einnig er felld út vatnsból, VB5, sem sett var inn með aðalskipulagsbreytingu, dags. 21.04.2020 í B-deild, enda er byggð tengd Vatnsveitu Flóahrepps.

Samkvæmt 41. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsbreytinga og nýrra deiliskipulagsáætlana:

- Mosató 3 L225133; Aukið byggingarmagn; Deiliskipulagsbreyting - 2111083**
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 26. apríl 2023 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar er varðar Mosató 3 L225133. Í breytingunni felst aukið byggingarmagn á lóð hótelsins. Heimilt verði að hafa hótelið á 2 hæðum. Samtals er gert ráð fyrir um 3.000 m² byggingarmagn á lóðinni. Stækkun hótels og tæknirými eru þar innifalinn ásamt jarðhýsi með bóðum og sauna sem búið er að byggja. Gert er ráð fyrir allt að 27 hótelhherbergjum, veitingasal, eldhúsi, móttöku, skrifstofu fyrir starfsmenn, herbergi starfsmanna, salerni, skolherbergi, inntaksrými og fl. Stök lítil (65m²) starfsmannahús eru einnig heimiluð á lóðinni enda tengjast þau beint starfsemi hótelsins. Hámarkshæð frá gólfi í mæni er 8 m. Heimild er að setja lyftu í hótelið og á þeim stað má heildarhæð vera í samræmi við þann búnað sem lyftuhús krefst. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi sem tekur til aukinna heimilda á lóðinni.

- Hlíð 1 Laufvallargil L220188; Tvö frístundahús og aukahús; Deiliskipulag - 2303077**
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. maí 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til lóðarinnar Laufvallargils L220188. Innan skipulagsmarka eru afmarkaðar tvær lóðir og einn byggingarreitur á hvorri lóð. Fjarlægð byggingarreitanna frá lóðamörkum er hvergi minni en 10.0 m. Á hvorri lóð er heimilt að byggja eitt frístundahús allt að 120 m² að stærð á einni eða tveimur hæðum. Mænishæð er mest 6.0 m, mælt frá gólfplötu. Einnig eru tvö aukahús, gestahús, geymsla eða baðhús. Hámarksnýtingarhlutfall lóða er 0.03. Heimilt er að leigja út gistingu til ferðamanna. Lóðin er staðsett innan landbúnaðarlands samkvæmt skilgreiningu aðalskipulags.
- Útey 1 lóð L191795; Frístundalóð; Deiliskipulag - 2302028**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 15. maí 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til frístundalóðarinnar Útey 1 lóð L191795. Í skipulaginu felst heimild fyrir uppbyggingu sumarhúss ásamt aukahúsi að 40 m² og geymslu að 15 m² innan nýtingarhlutfalls 0,03.
- Hrauneyjafosstöð og leitarmannahús Þóristungum; Skipulagssvæði sameinuð; Deiliskipulag - 2212067**
Hreppsnéfn Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. maí 2023 að auglýsa tillögu deiliskipulags sem tekur til Hrauneyjafosstöðvar og leitarmannahúss að Þóristungum. Deiliskipulagið snýst um að staðfesta núverandi landnotkun. Uppsett afl Hrauneyjafosstöðvar er allt að 210 MW og verður heimilt að stækka hana í 240 MW. Ef farið verður í þær framkvæmdir munu þær einungis felast í endurbótum á núverandi vélum og verða innanhúss. Unnin hefur verið mannvirkjaskráning fyrir stöðina og eru settir skilmálar í tengslum við hana. Þá voru fornminjar skráðar. Þóristungur L229271, mannvirki eru í Ásahreppi. Á staðnum er skáli og hesthús, gisting er fyrir 14 gesti. Mannvirki eru nýtt sem leitarmannahús og í langtímaleigu, einkum til veiðimanna. Heimilt er að byggja eitt hús til viðbótar og vera með gistingu fyrir allt að 40 gesti. Þóristungur er fjallasel skv. aðalskipulagi. Skipulagssvæðið er tvískipt og er um 173 ha að stærð.
- Sigöldustöð; Skipulagssvæði sameinuð; Deiliskipulag - 2212066**
Hreppsnéfn Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. maí 2023 að auglýsa tillögu deiliskipulags sem tekur til Sigöldustöðvar í Ásahreppi og Rangárþingi ytra. Deiliskipulagið snýst um að staðfesta núverandi landnotkun og heimila stækkun stöðvarinnar. Í dag er virkjað rennsli 240 m³/s og afl Sigöldustöðvar er 150 MW. Framkvæmdir við stöðina hófust árið 1973 og var hún gangsett í byrjun árs 1978. Landsvirkjun áformar nú að stækka stöðina með því að bæta við fjórðu vélinni og auka með því afl stöðvarinnar í allt að 215 MW. Auk þess verður stöðvarhús stækkað og frárennisskurður breikkaður næst stöðvarhúsi. Unnin hefur verið mannvirkjaskráning fyrir stöðina og eru settir skilmálar í tengslum við hana. Þá voru fornminjar skráðar. Skipulagssvæði Sigöldustöðvar er um 108 ha að stærð.
- Vatnsfellsstöð L193783 og Vatnsfellsveita Þórisvatns; Deiliskipulag - 2212065**
Hreppsnéfn Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. maí 2023 að auglýsa tillögu deiliskipulags sem tekur til Vatnsfellsstöðvar og Vatnsfellsveitna í Ásahreppi. Deiliskipulagið snýst um að staðfesta núverandi landnotkun. Uppsett afl Vatnsfellsstöðvar er allt að 90 MW og verður heimilt að stækka hana í 110 MW. Framkvæmdir felast í endurbótum á núverandi vélum. Um er að ræða framkvæmd innanhúss. Unnin hefur verið mannvirkjaskráning fyrir stöðina og eru settir skilmálar í tengslum við hana. Þá voru fornminjar skráðar. Skipulagssvæði Vatnsfellsstöðvar er um 60 ha að stærð og skipulagssvæði Vatnsfellsveitu um 5 ha.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna, www.asahreppur.is www.blaskogabyggd.is, www.flahreppur.is og www.skeidgnup.is. Mál 1 - 3 innan auglýsingar er skipulagsmál í kynningu frá 1. júní 2023 með athugasemdafrest til og með 23. júní 2023. Mál 4 - 10 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 1. júní 2023 með athugasemdafrest til og með 14. júlí 2023.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is

Trúðslæti og einfaldleiki á Groovís

Ísbúðin Groovís opnaði í miðbæ Selfoss fyrir rúmum mánuði síðan og hafa mót-tökurnar verið virkilega góðar. Sunnudaginn 4. júní nk., ætla þau að fara af stað með það sem þau fullyrða að verði flottasti trúðáís landsins og af því tilefni ætlar trúðurinn Tralli að mæta á svæðið, fíflast í krökkunum og leika listir sínar í blöðrudýragerð.

Groovís er svokölluð desert-búð. Þar er hægt að fá kleinuhringi, ís, candyfloss, súkkulaðibitaköku ís-samlokur og skemmtilegar blöndur af öllu framangreindu. Nánast öll af-

greiðslan hjá Groovís fer fram í gegnum sjálfsafgreiðslukassa eða QR kóða. Markmið þeirra er að drepa hvítleiðar raðir sem eiga það til að myndast í ísbúðum með tilheyrandi bið og vandræðum fyrir fjölskyldufólk.

„Í stað þess að koma inn í ísbúð og lenda í röð þar sem þú ert fastur í 15+ mín, þá geta gestir Groovís skannað QR kóða og hoppað framfyrir 7 manna fjölskylduna sem er að velja ofan í 5 bragðarefi, sent pöntunina beint inn í eldhúsið og farið út í sólina (eða rigninguna) eða sinnt öðru á meðan þeir fylgjast með því hvar þeir eru í röðinni á skjánum okkar,“ segir Árni Bergþór Hafdal Bjarnason, eigandi Groovís.

Þá segir Árni að með þessu móti séu þau mun fljótari að afgreiða pantanir. „Við erum ekki bundin við að afgreiða einn einstakling eða hóp í einu, heldur virkar þetta meira eins og í atvinnu eldhúsi þar sem sjálfsafgreiðslukassarnir og QR kóðinn virka sem þjónar sem taka pantanir á meðan þau sem matreiða ísinn geta unnið í mörgum pöntunum í einu, unnið saman í einni stórra pöntun og að öllu leyti skipulagt keyrsluna betur.“



ONÍ á Sólheimum

Þann 3. júní kl. 15:00 opnar Guðrún Arndís Tryggvadóttir sýninguna ONÍ í vestursal Sesseljúhúss umhverfisstofnunar á Sólheimum í Grímsnesi. Sýningin stendur til 20. ágúst.

„Í verkunum á sýningunni er ég að kafa ofan í (ONÍ) efnisheiminn, jörðina og hafið og reyna að skoða sögu okkar í jarðlögum annars vegar og ástandi lífsins í hafinu hins vegar. Með verkunum er ég að leitast við að leiða mig sjálfa og nú áhorfendur, í ferðalag til að skoða það sem er okkur annars ekki sýnilegt og við leiðum hugann jafnvel ekki að, öllu jafna.“

Í stórum dráttum má segja að ég sé að fjalla um tímann, breytingar sem verða á umhverfið beint og óbeint af okkar völdum og þá staðreynd að öll efnisleg gæði, grundvöllur lífs okkar, komi úr jörðinni og úr hafinu og snúi þangað aftur að lokum.

Sýningunni fylgir sýningar-skrá á íslensku og ensku.

Guðrún Arndís Tryggvadóttir er fædd í Reykjavík árið 1958. Hún fékk inngöngu í Myndlista- og handíðaskóla Íslands sextán ára gömul, fór í framhaldsnám til Parísar og síðan til München þar sem hún hlaut æðstu verðlaun akademíunnar við útskrift. Tveggja ára dvöl á Íslandi fylgdi í kjölfarið, starfslaun listamanna og einkasýning á Kjarvalsstöðum 1987 en síðan fór hún til Berlínar í

eitt ár og til Bandaríkjana í fimm ár þar sem hún tók þátt í fjölda sýninga. Hún átti síðan eins árs viðdvöl á Íslandi veturinn 1992-1993 og stofnaði þá myndmenntaskólann Rými. Síðan lá leiðin aftur til Þýskalands þar sem hún stofnaði hönnunarstofuna Kunst & Werbung, málaði og var m.a. fengin til að hanna minnisvarða fyrir borgina Großalmerode. Guðrún sneri aftur til Íslands um aldamótin 2000. Eftir heimkomuna urðu nátturuvernd og umhverfismál henni æ mikilvægari. Árið 2004 hóf hún undirbúning að stofnun umhverfisvefsins Náttúran.is sem hún rak til ársins 2016. Frá árinu 2017 hefur hún starfað sem landvörður meðfram listsköpun sinni og rekið fræðslu- og útgáfufélagið Listrými sem gaf m.a. út bókina Lífsverk - Þrettán kirkjur Ámunda Jónssonar árið 2019 en Ámundi var einn virtasti lista- og handverksmaður 18. aldar á Suðurlandi. Guðrún hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir störf sín, bæði á sviði umhverfismála og menningar-miðlunar sem og fyrir myndlist sína. Verk hennar byggja á sterkum hugmyndafræðilegum og oft sögulegum grunni en hún gerir sífellt tilraunir með nýja tækni og frásagnaraðferðir í list sinni. Nánar um verk og feril Guðrúnar á www.tryggvadoottir.com.

Stöðug söfnun í 70 ár

Þann 1. júní eru liðinn 70 ár síðan farið var að skrá gripi til Byggðasafns Árnesinga og safn varð til. Skúli Helgason frá Svínavatni sá um söfnunina og mótaði grunnsýningu safnsins sem var til 1995 á Selfossi en síðan í Húsinu á Eyrarbakka. Í aðfangabók Skúla eru fyrstu gripirnir skráðir 1. júní 1953 þegar hann tók við munum frá Arnarstöðum í Flóa. Stöðug söfnun hefur verið við safnið síðan og nálgast skráðir gripir á áttunda þúsund með undir-söfnun.

Í tilefni afmælisins setti safnið á fót Ásgrímsleiðina ásamt Listasafni Árnesinga sem heldur upp á 60 ára afmæli sitt og Listasafni Íslands. Minnt er á einn fremsta listamann þjóðarinnar sem fæddist í Árnessýslu og var Ásgrímur Jónsson (1876-1958) listmálari frá Rútsstaða-Suðurlandi í Flóa. Kynntir eru sögu-staðir Ásgríms og söfnin þrjú sem tengjast Ásgrími, Listasafn Íslands sem varðveitir gjöf hans til þjóðarinnar, Listasafn Árnesinga sem varðveitir listaverk eftir hann og Byggðasafn Árnesinga í Húsinu á Eyrarbakka en þar dvaldi Ásgrímur í rúm tvö ár á mótunarárum sínum. Hvatt er til að ferðast um söfnin, uppeldisslóðir hans og vitja grafreits hans í Gaulverjabæjar-kirkjugarði. Í borðstofu Hússins á Eyrarbakka er sýning um æsku Ásgríms, „Drengurinn, fjöllin og Húsið“.

Í tilefni 70 ára afmælis Byggðasafns Árnesinga hefur verið sett um vefsýning á síðunni www.sarpur.is sem er gagnagrunnur íslenskra safna. Þar er safnið kynnt ásamt vel völdum safnmunum úr safnkosti safnsins. Á sýningunni eru kynntir gripir úr öllum gömlu

sveitarfélögum Árnessýslu. Mestallur safnkostur Byggðasafns Árnesinga er skráður í Sarp og geta allir áhugasamir kynnt sér gripi sem eiga sér upp-runu í þessu stóra og fjölmenna héraði.

Stofnun Byggðasafns Árnesinga var á vegum Sýslunefndar Árnessýslu en núverandi eigandi safnsins er Héraðsnefnd Árnesinga, byggðasamlag átta sveitarfélaga sýslunnar. Hlutverk safnsins er söfnun, varðveisla, rannsóknir og miðlun á menningaminjum héraðsins. Safnið heldur uppi grunnsýningu í Húsinu á Eyrarbakka, Eggjaskúrnunum, Kirkjubæ og Sjóminjasafninu. Einnig sér safnið um Rjómbúðið á Baugsstöðum. Innri aðstaða safnsins er að Búðarstíg 22 á Eyrarbakka. Við safnið starfa þrír fagmenntaðir starfsmenn auk lausráðinna starfsmanna yfir sumartímann.

Í söfnum er leitast við að svara spurningunni hver erum við? Hvert var fólkíð sem byggði þetta samfélag? Söfn segja sögu með gripum og geyma í sér

ákveðin minni. Söfn varðveita því menningu heilla byggðalaga og eru því samfélagslega mikilvæg.

Byggðasafn Árnesinga í Húsinu á Eyrarbakka, Kirkjubæ, Eggjaskúrinn og Sjóminjasafnið á Eyrarbakka eru opin alla daga kl. 10-17 og er sjón sögu ríkari.

Byggðasafn Árnesinga



Goðheimar flagga sínum fyrsta Grænfána

Grænfánanum var flaggað í fyrsta sinn í leikskólanum Goðheimum á Selfossi þann 17. maí síðastliðinn.

Við stofnun leikskólans 2021 var tekin ákvörðun um að sækja um Grænfánann og að leikskólinn yrði Skóli á grænni grein.

Fjölbreyttar leiðir eru farnar í því að kenna börnunum að umgangast náttúruna og stuðlað að jákvæðri upplifun þeirra á grænum svæðum í nágrenni skólans einnig er mikið er lagt upp úr orðanotkun tengdri náttúru og umhverfi.

Skólar á grænni grein er alþjóðlegt umhverfismenntarverkefni sem rekið er af Landvernd á Íslandi, en Grænfáninn hefur verið á Íslandi frá árinu 2001. Verkefnið er stærsta umhverfismenntaverkefni í heimi og er haldið úti af samtökunum Foundation for Environmental Education.

Skólar á grænni grein styðja við umhverfismennt, menntun

til sjálfbærni og almennt umhverfisstarf í skólum á öllum skólastigum.

Markmið verkefnisins eru að bæta umhverfi skólans, minnka úrgang og notkun á vatni og orku, efla samfélagskennd innan skólans, auka umhverfisvitund

með menntun og verkefnum innan kennslustofu og utan, styrkja lýðræðisleg vinnubrögð við stjórnun skólans þegar teknar eru ákvarðanir er varða nemendur og að veita nemendum menntun og færni til að takast á við umhverfismál.



„Sveitarfélögunum finnst það vera í lagi að mismuna starfsfólki sínu í launum“

Stéttarfélagið FOSS efndi til mótmæla fyrir utan ráðhús Árborgar síðastliðinn fimmtudag, en BSRB stendur nú í kjaradeilum við Samband íslenskra sveitarfélaga um bætt kjör félagsmanna. En einnig fóru félagsmenn og mótmæltu í Hveragerði í þann sama dag.

Verkfallsaðgerðir félagsmanna FOSS standa nú yfir í Sveitarfélaginu Árborg, Hveragerði og Sveitarfélaginu Ölfusi. En verkföllin hafa áhrif á leikskóla, grunnskóla og hafnarstarfsmenn. „Við finnum fyrir miklum stuðningi. Stjórnendur styðja mjög vel við starfsmenn sína og eru mikið að passa sig að

allt fari rétt fram í þessum verkfallsaðgerðum,“ segir Árný Erla Bjarnadóttir, formaður FOSS stéttarfélags.

Vilja fá sömu laun fyrir sömu störf

„Krafa BSRB-félaganna er að fá sömu laun fyrir sömu störf. Um áramótin myndaðist mismunur á milli félagsfólks BSRB og SGS en þetta er starfsfólk sem vinnur öxl í öxl eins og t.d. á leikskólum, grunnskólum, íþróttamannvirkjum, félagsþjónustu o.fl. Þessi mismunur er um 130.000 krónur að meðaltali fyrir janúar, febrúar og mars,“ segir Árný Erla Bjarnadóttir, formaður



Bæjarfulltrúar ræða málin við félagsmenn FOSS stéttarfélags.

FOSS stéttafélags í almannabjónustu.

„Samninganefnd sveitarfélaga segir að hún hafi ekki umboð sveitarfélaganna til að

mæta þessari kröfu. Af þessu má draga þá ályktun að sveitarfélögunum finnst það vera í lagi að mismuna starfsfólki sínu í launum þrátt fyrir að það starfi

hlið við hlið í sömu störfum. Samninganefndin segir að BSRB hafi gert mistök og þetta séu afleiðingarnar. Mér finnst mjög alvarlegt ef samninganefnd sveitarfélaga hefur áttað sig á þessum afleiðingum strax að þau skrifi undir svona samninga fyrir hönd sveitarfélaga landsins,“ bætir Árný við.

Árný hefur vakið athygli sveitarstjórnenda á félagssvæði FOSS varðandi þennan mismun og hefur það komið þeim á óvart. „Ég hvet stjórnendur sveitarfélaga að standa upp fyrir sitt fólk og gefa samninganefndinni umboð til að leiðrétta þetta,“ segir Árný í lokin. BRV



Rafvirkjar óskast til starfa á Suðurlandi

RARIK ohf. auglýsir eftir rafvirkjum til starfa á starfsstöðvum fyrirtækisins á Selfossi eða á Hvolsvelli. Hér er um fjölbreytt starf að ræða í öflugum vinnuflokki sem vinnur við dreifikerfi RARIK á Suðurlandi. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Viðhald á dreifikerfi RARIK
- Eftirlit með tækjum og búnaði
- Viðgerðir
- Nýframkvæmdir
- Vinna samkvæmt öryggisreglum

Menntunar- og hæfniskröfur

- Sveinspróf í rafvirkjun eða vélfræði
- Reynsla af rafveitustörfum æskileg
- Öryggisvitund
- Almenn tölvukunnátta
- Drifkraftur og geta til að vinna sjálfstætt
- Bílpróf

Nánari upplýsingar veitir Þórir Tryggvason, deildarstjóri framkvæmdasviðs á Suðurlandi í síma 528 9000.

Umsóknafrestur er til 12. júní og skal skila umsókn með ferilskrá og kynningarbréfi á www.rarik.is/atvinna.

RARIK er fjölskylduvænt leiðandi tæknifyrirtæki í veiturekstri og með ríka samfélagslega ábyrgð. Hlutverk fyrirtækisins er að dreifa raforku auk þess sem fyrirtækið aflar, dreifir og annast sölu á heitu vatni. Hjá fyrirtækinu starfa um 200 starfsmenn vítt og breitt um landið.

RARIK ohf. | www.rarik.is/atvinna



FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU

Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholti 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

Viltu vekja athygli
á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu
tilboð í auglýsingar í
blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is



ÞJÓNUSTA



S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



VH Tækjaleiga

Til leigu 2,8 tonna minigrafa.
Upplýsingar í síma 892 5741.

Sumarhúsaþjónusta
Almenn verktaka
Efnisflutningar
Jarðvinna

Hafið samband í síma 892 7598
eða á orngunn@gmail.com

Finnið okkur
á Facebook



Ö.G. Verk

Smiður óskar
eftir verkefnum

Smiður getur tekið að sér viðhald
í heimahúsum og sumarhúsum á
höfuðborgarsvæðinu, Selfossi
eða Hveragerði. Dagvinna,
kvöldvinna og/eða helgarvinna.
Parket, flísar, samsetning á eld-
húsinnréttingum, gips, málun
o.fl. Nánari uppl. í síma 777
2265.

KIRKJUR

Þorlákskirkja

Sjómanna dagurinn 4. júní 2023.
Guðsþjónusta í Þorlákskirkju kl.
11:00. Kór Þorláks- og Hjalla-
kirkju syngur undir stjórn Esterar
Ólafsdóttur, organista. Prestur er
sr. Sigríður Munda Jónsdóttir.
Blómsveigur verður lagður að
minnisvarðanum um drukkaða
sjómenn. Verum öll velkomin til
kirkju. Sóknarnefnd og sóknar-
prestur.

Stokkseyrarkirkja

Helgi hald á sjómanna degi
sunnudaginn 4. júní. Guðsþjón-
usta kl. 11:00, blómsveigur
lagður að minnismerki að lokinni
guðsþjónustu. Kirkjukórinn
syngur.

Eyrarbakakirkja

Helgi hald á sjómanna degi
sunnudaginn 4. júní. Guðsþjón-
usta kl. 14:00, blómsveigur
lagður að minnismerki að lokinni
guðsþjónustu. Kirkjukórinn
syngur.

Skálholtskirkja

Messa kl. 11.00 sunnudaginn 4.
júní.

Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista,
Eyravegi 67, Selfossi, 3. júní.
Bíblíulexíur kl. 11 og guðsþjón-
usta kl. 12, Harri Guðmundsson
predikar. Verið velkomin.



Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2277

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

HEILSA

Með **Dáleiðslu** má vinna að
úrbotum ýmiskonar
vandamála, líkamlegra sem
andlegra. Það má líka fara
aftur í tímann og sjá löngu
liðna atburði, hætta reykingum
og margt annað.

- Ég er líka með **augnlestur**
en með honum má sjá ástand
viðkomandi, líkamlegt og
andlegt. Þessu fylgja ráð um
hvernig breita má hlutum til
betri vegar.

- Er einnig með **Nudd og**
svæðanudd -


Heiðar Ragnarsson
Heilsulindinni í Miðgarði
s. 8981501

Niðurstöður úr könnuninni liggja fyrir
Stór meirihluti hlynntur

Niðurstöður íbúakönnunar
um breytingar á deiliskipu-
lagi miðbæjar Selfoss liggja fyr-
ir en 1655 íbúar tóku þátt. 1468
sögðust vera hlynnt(ir) breyting-
unum og 187 sögðust andvíg(ir)
þeim. Þátttaka í könnuninni er
rétt tæplega 20% en 8.936 íbúar
16 ára og eldri áttu möguleika á
að taka þátt.

Breyting frá eldra skipulagi
snýst um það hvernig og hvar
miðbærinn og Sigtúnsgarðurinn
mætast, en markmiðið með

breyttu skipulagi er að auka
tengsl á milli garðsins og mið-
bæjarins.

Sunnlenskir
FASTEIGNAMOLARHagnýt ráð fyrir
ljósmyndun fasteigna

Bestu fasteignaljósmyndirnar
eru teknar þegar að fasteignir
er orðnar minna persónulegar
fyrir eiganda og meira hugs-
aðar fyrir alla aðra.

Áður en fasteign
er mynduð fyrir
sölu er gott að
hafa í huga að
það er ekki
verið að selja
innbú hússins
heldur eignina
sjálfa. Því er
gott að fjarlægja
persónumuni og
gera eignina sem næsta
hlutlausu svo eignin njóti sín.
Gott er að fjarlægja meira af
hlutum en minna. Mikilvægt
er að þrifa eignina vel fyrir
myndatöku. Myndir af hrein-
um húsum laða frekar mögu-
lega kaupendur að heldur en
ella. Mælt er með því að fjar-

lægja hluti eins og sjampó
og sápuþrúsa úr sturtum og
opnum hillum, vítamín, ís-
skápssegla, tóma blómapotta
og annað slíkt sem er
yfirleitt ekki fyrir
en getur truflað
á mynd. Mikil-
vægt er þó
að muna að
persónulegur
stíll fólks má
skína í gegn.
Það að minnka
muni er einungis
til þess að auðvelda
tilvonandi kaupendum
að máta sig inn í eignina og
sjá hvernig fasteignin lítur
raunverulega út, enda fylgir
húsbúnaður sjaldnast með.

Elín Káradóttir,
löggildur fasteignasali,
BYR fasteignasala



Austurmörk 7, 810 Hveragerði
Sími 483 5800
byr@fasteignasala.is
www.byr.fasteignasala.is

BES endurverkur verkefnið Barnabæ

Barnaskólinn á Eyra-
bakka endurverkur verkefnið Barnabæ dagana 30. maí - 2. júní. Þessa daga breytist skólinn í Barnabæ, þar sem reknir eru vinnustaðir fyrir nemendur. Þar vinna þau alls kyns störf í þrjá daga og kynna svo og selja af-raksturinn síðasta daginn. Dæmi um vinnustaði sem settir verða upp í ár eru bakarí, steypustöð, blómabúð, bíla-þvottastöð, skartgripagerð og fjölmiðill, svo eitthvað sé nefnt. Barnabær er með sinn eigin gjaldmiðil, besóa (skammstöfun



skólans er BES) og nemendur vinna sér inn besóa þá daga sem þeir eru í vinnu. Síðasta daginn er svo uppskeruhátíð þar sem nemendum gefst kostur á að nota launin sín í að kaupa varning af vinnustöðum skólans. Í verkefninu er leitast við að vera í sem mestu samstarfi við nærsamfélagið og fá fyrirtæki og íbúa til að taka þátt. Uppskeruhátíðin fer fram í skólanum á Stokkseyri föstudaginn 2. júní kl. 9:30-11:30 og er opin öllum. Tilvalið að líta við, gera góð kaup og njóta samveru.

Endurmenntun starfsfólks FSu

Alls sóttu 24 aðilar endurmenntunarnámskeið í FSu skólaárið 2022/2023. Árið 2021 fékk skólinn erasmus+ styrk til endurmenntunar starfsfólks en vegna Covid var í raun ekki hægt að nýta hann fyrr en árið 2022 og var hann fullnýttur vorið 2023.

Styrkurinn var veittur undir þeim formverkjum að efla allt starfsfólk til endurmenntunar varðandi sjálfbærni, rafrænt skólaumhverfi og að bregðast við mismunandi þörfum mismunandi nemenda. Námskeiðin voru sótt á eftirfarandi stöðum: Barselóna, Dublin, Flórens, Ilion, Róm, Santa Cruz og Split.

Almenn ánægja var með námskeiðin, enda mikilvægur liður í starfsþróun að afla nýrrar færni sem og að styrkja þá færni sem þegar er til staðar.



Við erum sérfræðingar í prentun bóka, almennu prentverki og framleiðslu umbúða. Öll framleiðsla fer fram á Íslandi.

Láttu sérfræðinga okkar aðstoða við að finna bestu, hagkvæmustu og umhverfissvænustu leiðina fyrir þig.



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límmiðar



Stimlar

Eyravegi 25, 800 Selfoss
482 1944
selfoss@prentmetoddi.is





Frá vinstri: Birna Sigurðardóttir skólastjóri Hvolsskóla, Unnur Lilja Bjarnadóttir systir Ólafar, systurnar Fanndís Lilja Lárusdóttir og Kara Kristín Lárusdóttir dætur Ólafar og Lárus Viðar Stefánsson eiginmaður Ólafar.

Hátt í milljón safnaðist í nafni Ólafar Bjarnadóttur

Þann 24. maí sl. hefði Ólöf Bjarnadóttir orðið 40 ára hefði hún lifað en hún lést sumarið 2019 eftir baráttu við krabbamein. Síðustu árin hennar vann hún að mestu við íslenskukennslu fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku í Hvolsskóla og hafði mikinn áhuga á frekari þróun þeirrar vinnu. Hún hafði líka mikinn áhuga á hreyfingu og var aðáunarvert að fylgjast með henni í gegnum öll hennar veikindi hvað hreyfing spilaði stórt hlutverk.

Aðstandendur Ólafar ákváðu því í upphafi maí mánaðar að hefja átakið „Söfnum mínútum fyrir Ólöfu“. Þar gat fólk skráð sig til leiks á Facebooksíðu söfnunarinnar og safnað mínútum í hreyfingu og heitið á söfnunina í leiðinni. Söfnunarféð myndi svo renna til íslenskukennslu fyrir börn í skólanum með annað móðurmál en íslensku.

Skemmst er frá því að segja að 121 tóku þátt og söfnuðu þau alls 83.377 hreyfingarmínútum. Sem gerir hvorki meira né minna 58 sólarhringa.

Söfnuðust 743.830 krónur inn á söfnunarreikninginn og Sláturfélag Suðurlands bætti við 1000 krónum á hvern starfs-

mann fyrirtækisins sem erum 160 talsins. Þannig alls safnaðist 903.830 krónur sem Hvolsskóli fékk afhent á skólaslitunum á dögnum við hátíðlega athöfn.

Unnur Lilja Bjarnadóttir systir Ólafar er ein af þeim sem standa að söfnunni og segir hún að ætlunin með þessu átaki hafi fyrst og fremst að halda nafni Ólafar á lofti í afmælistíðunum hennar og kannski safna nokkrum krónum fyrir íslenskukennslu fyrir nýbúa. Hún segir að þeim hafi ekki órað fyrir þeim

viðbrögðum sem átakið og söfnunin hefur fengið og vill koma innilegum þökkum á framfæri til allra þeirra einstaklinga sem tóku þátt í átakanu ásamt SS sem lagði söfnunni lið.

„Samfélagið hér á Hvolsvelli hefur svo sannarlega haldið þétt utan um okkur fjölskylduna, bæði í veikindum Ólafar og sorginni sem andláti hennar fylgdi. Við erum ævinlega þakklát fyrir þá samstöðu sem við höfum fundið“ segir Unnur Lilja að lokum.



Efri röð frá vinstri: Ólöf Bjarnadóttir, Lárus Viðar Stefánsson, Eygló Hansdóttir, Bragi Bjarnason, Valdís Bjarnadóttir. Neðri röð frá vinstri: Unnur Lilja Bjarnadóttir og Stefán Friðrik Friðriksson.

Við prentum ljósmyndir
honnun.prentmetoddi.is

Pantaðu ljósmyndaprentun
í öllum algengustu
ljósmyndastærðunum.



FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - Sími 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþvöðgerðir - Almennar raflagnir

prentmet

heildartausnir í prentun

HREINSITÆKNI

Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun

Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

Bílasprautun - Bílaréttingar - Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



NÝTT

Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is



Fæst hjá
BYKO Selfossi



ÖKULAND

Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020